

Sp.

134. Fyrirspurn

[128. mál]

til fjármálaráðherra um söluskattsskil.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Eru dæmi um það að fjármálaráðuneytið hafi ákveðið að fresta innheimtuaðgerðum vegna söluskattsskila lengur en um tvo mánuði hjá einstökum aðilum? Ef svo er óskast tilgreint hversu oft svo hafi verið árlega 1980–1986 og sömuleiðis birt skrá yfir hvaða aðila sé um að ræða á árunum 1984–1986 og þá hvenær hver einstakur frestur hafi verið veittur og hver upphæðin sé hverju sinni.
2. Eru dæmi um það að fjármálaráðuneytið hafi heimilað greiðslu á tolli og söluskatti við innflutning með skuldabréfum? Ef svo er óskast tilgreint hversu oft svo hafi verið árlega 1980–1986 og sömuleiðis birt skrá yfir þá aðila sem hér um ræðir á árunum 1984–1986 og þá hvaða fjárhæðir sé um að ræða hverju sinni.
3. Eru dæmi um það að fjármálaráðuneytið hafi heimilað greiðslu skattsekta með skuldabréfum? Ef svo er óskast tilgreint hvaða aðila sé um að ræða á árunum 1983–1986 og hvaða fjárhæðir hverju sinni.

Skriflegt svar óskast.